

Auglýsing um deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 14. apríl 2016 að auglýsa samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir Tröllenda í Flatey.

Á athafnasvæði við ferjuhöfn í Flatey er komið fyrir fjórum byggingarlóðum. Skilgreind er lóð fyrir gamlan geymsluskúr sem stendur vestan við fiskvinnsluhús, vatnstank, olíutank, fjar-skiptamastur og lóð undir nýbyggingu norðaustast á svæðinu.

Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag fyrir olíubirgðastöð og rafstöðvarhús í Flatey, sem samþykkt var 20. október 2000.

Skipulagsuppdráttur með greinargerð liggur frammi á skrifstofu Reykhólahrepps frá 2. júní til 15. júlí 2016. [Gögnin má einnig sækja hér](#) (pdf).

Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Reykhólahrepps á Reykhólum eða í netfangið skrifstofa@reykholar.is fyrir 15. júlí, merkt *Deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey*.

*Reykhólum, 27. maí 2016.
Bogi Kristinsson Magnúsen,
skipulags- og byggingarfulltrúi.*